

50. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 19. ágúst 2003 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Helgi Haraldsson
Guðmundur Kristinsson
Þorgrímur Kristinsson
Kristján Gunnlaugsson
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Deiliskipulagstillaga Frístundarbyggð.
Lagðar voru fram athugasemdir frá 2. aðilum, umræður fóru fram um deiliskipulagstillöguna og athugasemdirnar.
 - a) Athugasemd frá Umhverfisstofnun, vísað er í bréf dags. 28 júlí 2003.
Skipulags- og byggingarnefnd vill benda á að göngustígur er á deiliskipulagstillögunni, og er sammála því að rétt sé að hafa nægilegt landsvæði með fram göngustíg.
Skipulags- og byggingarnefnd mælir ekki með því að hús verði færð fjar ströndinni en deiliskipulagstillagan segir til um.
 - b) Athugasemd frá Ræktunarfélagi Stykkishólms, vísað er í bréf dags. 23. júlí 2003.
Varðandi erindi Ræktunarfélags Stykkishólms er vísað í nýsamþykkt Aðalskipulag Stykkishólms 2002 – 2022, þar sem gert er ráð fyrir frístundarbyggð.
 - c) Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að gæta þarf að staðsetningu húsa í reit D, I, og F, með tilliti til reglugerða um háspennulínur.
 - d) Skipulags og byggingarnefnd mælir með að deiliskipulagstillagan verði að öðru leiti samþykkt óbreytt.
2. Silfurgata 6, bygging bílskúrs.
Rakel Olsen sækir um leyfi til að reisa bílskúr samkvæmt teikningum Jóns Nordsteien dags. júlí 2003. Erindið samþykkt samhljóða.
Leyfisgjald kr. 2.500.
3. Önnur mál.
 - 3.1. Ægisgata 6.
Sveinn Björnsson sækir um leyfi til að setja nýtt þak á bílskúr.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.
 - 3.2. Rætt var um umhverfismál.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Gretar D. Pálsson (sign.),
Helgi Haraldsson (sign.),
Guðmundur Kristinsson (sign.),
Þorgrímur Kristinsson (sign.),
Kristján Gunnlaugsson (sign.),
Sveinn Björnsson (sign.).